



Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Umsögn vegna samræmdrar móttöku flóttafólks

Dags: 7. október 2022

Málsnúmer: 202208758/10.14

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Sigurbjörg Fjölнисdóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Inngangur

Á 1547. fundi bæjarráðs þann 1. september sl. var framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs falið að rita umsögn um samkomulag um samræmda móttöku flóttafólks. Tilefni þess var bréf sem barst frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga 26. ágúst sl. þar sem sveitarfélög voru hvött til að kynna sér efni samkomulags um samræmda móttöku flóttafólks og taka afstöðu til þess hvort þau gætu tekið þátt í því verkefni.

Mosfellsbær hefur tvisvar sinnum tekið þátt í samræmdri móttöku flóttafólks. Annars vegar á árinu 2018 þegar tekið var á móti hópi fólks frá Úganda og hins vegar á árinu 2019 þegar tekið var á móti hópi fólks frá Kenía. Gengu þær móttökur vel en eins og kom fram í skýrslu um móttöku ársins 2019 var megin áskorun verkefnisins sú að útvega einstaklingunum húsnæði í sveitarfélaginu.

Greinargerð

Undirritun samnings um samræmda móttöku flóttafólks tryggir sveitarfélagi greiddan kostnað vegna starfsmanns sem fer með utanumhald um þjónustuna og fer þá hlutfall eftir þeim fjölda einstaklinga sem sveitarfélagið veitir móttöku. Einnig fær sveitarfélagið endurgreiddan kostnað vegna veittrar fjárhagsaðstoðar sem og sérstaks húsnæðisstuðnings. Greitt er 4-5% stöðugildi ráðgjafa fyrir hvern einstakling og hver barnlaus hjón. Fyrir hvert barn er greitt um það bil 0,5% stöðugildi ráðgjafa. Ef Mosfellsbær tekur á móti 50 einstaklingum þá væri greiddur kostnaður sem samsvarar 2,5 stöðugildum ráðgjafa. Í fyrirbyggjandi samningsdrögum er ekki gert ráð fyrir stuðningi vegna barna í skólum en Mennta- og barnamálaráðuneytið vinnur að útfærslu á slíkum stuðningi.

Í lykiltölum fjölskyldusviðs janúar – júní 2022 kemur fram að aukning hefur verið í hópi erlendra ríkisborgara og flóttafólks sem hefur fengið þjónustu sviðsins, en sú aukning er tilkomin vegna íbúa sem hafa flutt í sveitarfélagið á eigin vegum.

Með undirritun samnings um samræmda móttöku flóttafólks skuldbindur sveitarfélagið sig til að finna viðeigandi húsnæði fyrir þá einstaklinga innan átta vikna frá því að tilkynning berst til sveitarfélagsins um komu einstaklingsins og/eða hóps flóttafólks. Taki sveitarfélagið ákvörðun um að taka þátt í samræmdri móttöku þarf því að tryggja viðunandi húsnæði innan átta vikna.

Bæjarstjóri og framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs funduðu með félags- og vinnumarkaðsráðherra þann 27. september sl. um mögulegan samning um samræmda móttöku í sveitarfélaginu. Voru þar sett fram sjónarmið fulltrúa Mosfellsbæjar um að mikill vilji sé til að taka þátt í verkefninu. Hins vegar töldu fulltrúar Mosfellsbæjar mikilvægt að sveitarfélagin fengju skýr svör hvað varðar stuðning vegna barna í skólum og að gerð yrði breyting á drögum að samningnum hvað varðar húsnæðisþáttinn. Góð reynsla hefur t.d. verið



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

af því í Reykjavík að einstaklingar beri ábyrgð á að finna húsnæði og geri leigusamninga, án aðkomu sveitarfélagsins, nema hvað varðar húsnæðisstuðning.

Niðurstaða

Þó nokkur aukning hefur verið síðasta árið á fjölda flóttafólks sem flutt hefur í sveitarfélagið. Ekki hefur verið skrifað undir samning um samræmda móttöku flóttafólks hjá Mosfellsbæ frá því á árinu 2019. Samtal hefur nú þegar verið tekið við félags- og vinnumarkaðsmálaráðuneytið um vilja sveitarfélagsins til að taka þátt í samræmdri móttöku að því gefnu að stuðningur við börn í skólum verði tryggður og að breytingar verði gerðar á húsnæðisþætti samningsins.

Virðingarfyllst,
Sigurbjörg Fjölvisdóttir